

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins þann 12. mars 2008 samþykkt breytingar á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

1. Breytingin felst í nýjum byggingarreit fyrir þjónustuhús við langtímabilastæði norðan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.
2. Stækkun byggingarreits á lóðinni Fálkavöllur 7, nýrri vegtengingu frá Fálkavelli 27 sem er viðhaldsstöð til austurs og stækkun bílastæðis. Einnig breyting á byggingarreit á lóðinni Fálkavöllur 23.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli sem hefur samþykkt skipulagbreytingarnar lýsir því jafnframt yfir, að hún muni taka að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir deiliskipulagsuppdrættina, sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gerir ekki athugasemd við að tilkynningin um samþykkt þeirra verði birt í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagsuppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis og öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 15. apríl 2008.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli,

Stefán Thordersen.

B-deild – Útgáfud.: 8. maí 2008